

Lög

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

1. gr.

Lokamálsliður skilgreiningar hugtaksins „Vinnsluskip“ í 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22., 26. og 28. gr. laganna:

- a. Á undan orðunum „afla fiskiskipa“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: ferskum.
- b. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 3. mgr. 22. gr. kemur: og vinnsluskipum.
- c. Í stað orðanna „vinnsluskipi eða frystiskipi“ í 1. mgr. 26. gr. kemur: eða vinnsluskipi.
- d. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: og vinnsluskipum.

3. gr.

Í stað orðanna „Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi“ í ákvæði til bráðabirgða með lögunum kemur: Til og með 31. desember 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 1999.

Samþykkt á Alþingi 20. desember 1998.